

Öldungaráð Reykjavíkur

Samantekt fyrir kjörtímabilið 2018 - 2022

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið stuðlar að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, mótar stefnu og gerir tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Ráðið er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar og ber mannréttindastjóri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu þess.

Fulltrúar öldungaráðs

Öldungaráðið er skipað níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kys þrjá fulltrúa, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa, Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi tilnefnir einn fulltrúa, auk þess sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa. Borgarstjórn kys formann ráðsins en öldungaráðið sjálft kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Í byrjun kjörtímabilsins voru gerðar breytingar á skipan ráðsins. Þann 6. nóvember 2018 á fundi borgarstjórnar, var samþykkt að fjölga fulltrúum öldungaráðs úr fimm í níu, þá tóku sæti fulltrúi Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, Korpúlfa, Félag eldri borgara í Grafarvogi og fulltrúum Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni var fjölgað um einn.

Við upphaf kjörtímabilsins var Guðrún Ögmundsdóttir kosin formaður öldungaráðs. Hún lést þann 31. desember 2019 eftir stutt veikindi. Öldungaráð minnst Guðrúnar með hlýju.

Við formennsku tók Berglind Eyjólfsdóttir.

Eftirtaldir fulltrúa áttu sæti í öldungaráði í mars 2022:

Aðalfulltrúar:

Berglind Eyjólfsdóttir, formaður, skipað af borgarstjórn

Jórunn Pála Jónasdóttir, skipað af borgarstjórn
Rannveig Ernudóttir, skipað af borgarstjórn
Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Ingibjörg Óskarsdóttir, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Viðar Eggertsson, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Jóhann Birgisson, Samtök aldraðra
Jóhann Helgason, Korpúlfar Félag eldri borgara í Grafarvogi
Eva Kristín Hreinsdóttir, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu

Varafulltrúar

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, skipað af borgarstjórn
Björn Gíslason, skipað af borgarstjórn
Alexandra Briem, skipað af borgarstjórn
Geir A. Guðsteinsson, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Halldór V. Frímannsson, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Kolbrún Stefánsdóttir, Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Magnús Björn Brynjólfsson, Samtök aldraðra
Baldur Magnússon, Korpúlfar Félag eldri borgara í Grafarvogi
Anna Ólafsdóttir, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu

Áheyrnarfulltrúi

Berglind Magnúsdóttir, velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Fundir öldungaráðs

Öldungaráð heldur að jafnaði einn fund í mánuði, fyrsta mánudag hvers mánaðar. Fyrsti fundur öldungaráðs á kjörtímabilinu var haldinn þann 13. ágúst 2018 og hélt ráðið fjóra fundi það ár. Ráðið hélt níu fundi á árinu 2019, átta fundi árið 2020 og árið 2021 voru fundir ráðsins þrettán. Samkvæmt fundardagatali er gert ráð fyrir fimm fundum árið 2022 fram til loka kjörtímabilsins.

Ný og breytt ákvæði um notendaráð á grundvelli laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga

Þann 1. október 2018 tóku gildi ný og breytt ákvæði í lögum um félagsþjónustu um að lögbundið sé að starfrækja svokölluð notendaráð m.a. í málefnum öldrunarþjónustu. Í notendaráðum sitji fulltrúar tiltekins hóps notenda, ásamt fulltrúum sveitarfélags og þar sé til umræðu almenn stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélaga í þeim málum sem varða viðkomandi notendahóp. Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með þetta verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Ráðið veitir því umsagnir um umsóknir í Framkvæmdarsjóð aldraðra og um starfsleyfisumsóknir Gæða- og eftirlitsstofnunnar félagsþjónustu og barnaverndar.

Opnir fundir öldungaráðs

Covid - 19 hafði mikil áhrif á starfsemi ráða og nefnda borgarinnar og var öldungaráð þar ekki undanskilið. Opnum fundum öldungaráðs með borgarstjórn árið 2019 og 2020 var báðum frestað.

Árið 2021

Opinn fundur borgarstjórnar og öldungaráðs 28. september 2021, haldinn í Ráðhúsi undir yfirskriftinni *Hvar vil ég búa? Sjálfstæð búseta eldra fólks*. Þar tóku til máls formaður öldungaráðs Berglind Eyjólfsdóttir. Elma Klara Þórðardóttir arkitekt flutti erindið *Marglaga öldrun - Lífsgæði eldri borgara í blandaðri byggð*. Árni Guðmundsson aðjúnt í tómstunda- og félagsmálafræðum, Háskóla Íslands, var með erindi um kynslóðablöndun *Gaman saman?* Margrét Ágústsdóttir fulltrúi Félags eldri femínista, hélt erindi um *Baba Yaga systrahús* Runólfur Ágústsson verkefna- og þróunarstjóri, var með erindi um *Þorpið vistfélag* og Margrét S. Pálsdóttir íbúi á Sléttuvegi flutti erindið *Efri árin í sambyli*.

Starfshópar

Öldungaráð hefur á tímabilinu verið ráðgefandi í hinum ýmsu málefnum og átt fulltrúa í starfshópi um aldraða og heimilisofbeldi og tekið þátt í vinnu um þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk. Þá hefur ráðið veitt fjölda umsagna um ýmis mál sem tengjast málaflokknum s.s. velferðarstefnu, þjónustustefnu og lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, svo fátt eitt sé nefnt.

Kynningar á fundum öldungaráðs

Fjölmenningarráð fékk fjölmargar kynningar sem verða málefni eldri borgara bæði frá fulltrúum sviðanna Reykjavíkurborgar og utankomandi aðilum frá ríkisstofnunum, félagasamtökum og einstaklingum. Á starfsárum 2018 - 2022 fékk öldungaráð eftirfarandi kynningar:

2018

- Skýrsla Háskóla Íslands, Greining á högum og líðan aldraðra á Íslandi (2016).

2019

- Fasteignagjöld eldri borgara. Helga Benediktsdóttir fjármálaskrifstofu og Helgi Þór Jónasson sérfræðingur í álagningu og innheimtu.

- Deiliskipulag að Háteigsvegi 35-39. Guðlaug Erna Jónsdóttir og Ágústa Sveinbjörnsdóttir.
- Heilsu- og menningarkort eldri borgara - íþrótt- og tómstundasvið. Ómar Einarsson
- Útgáfa velferðarsviðs á bæklingi 2019 um þjónustu við eldri borgara. Þórhildur Guðrún Egilsdóttir velferðarsviði.
- Starfsemi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.
- Starfsemi Samtaka aldraðra. Sveinbjörn Björnsson
- Þjónustustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaráætlun. Arna Ýrr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson og Hreinn Valgerðar Hreinsson.
- Starfsemi Korpúlfa, félags eldri borgara í Grafarvogi. Birna Róbertsdóttir.
- Tæknikaffi Borgarbókasafns og kaffistundir safnsins. Þorbjörg Karlsdóttir verkefnastjóri Borgarbókasafns Reykjavíkur.
- Verkefnið endurhæfing í heimahúsum og kynningarmyndband. Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir verkefnastjóri heimaþjónustu velferðarsviðs.
- Fordómar gagnvart öldruðum. Erna Indriðadóttir, ritstjóri vefsins *Lifðu núna*

2020

- Aðgerðir gegn aldursfordómum í verkefninu Aldursvænar borgir.
- Skýrsla starfshóps um aldraða og heimilisofbeldi. Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir og Valgerður Jónsdóttir.
- Fyrirkomulag hjúkrunarheimila. Berglind Magnúsdóttir
- Samningsáherslur velferðarsviðs vegna samnings við SÍ um rekstur heimahjúkrunar. Berglind Magnúsdóttir
- Vinna stýrihóps um þróun félagsmiðstöðva fyrir fullorðið fólk.
- Starfslok og hvernig er staðið að þeim. Tölfræði um starfshlutfall 60 ára og eldri hjá Reykjavíkurborg. Auður Björgvinsdóttir mannauðs- og starfsumhverfissviði
- Staða eldri borgara vegna Covid-19, fulltrúar frá Félagi eldri borgara, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Korpúlfar.
- Þjónusta við eldri borgara vegna Covid-19. Berglind Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi velferðarsviðs.
- Verkefni velferðarsviðs sem snúa að félagstarfi eldri borgara og átaksverkefnum í sumar vegna Covid-19. Þórhildur Guðrún Egilsdóttir velferðarsviði

- Fundarsköp og fundargerðir á fundum ráða og nefnda. Helga Björk Laxdal skrifstofa borgarstjórnar
- Matseðill Vitatorgs. Eyjólfur Elías Einarsson og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir velferðarsviði.
- Vefur Reykjavíkurborgar. Ólafur Sólimann Helgason þjónustu- og nýsköpunarsviði
- Bæklingurinn Heimilisofbeldi og aldraðir. Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

2021

- Samningur velferðarsviðs um heimahjúkrun. Berglind Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi
- Verkefnið Tæknilæsi fullorðinna velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Heilsuefling aldraðra hjá Reykjavíkurborg. Þórhildur Guðrún Egilsdóttir og Unnur Margrét Arnarsdóttir.
- Úttekt á fjölbreytni og næringargildi á heimsendum mat á vegum velferðarsviðs. Guðrún Adolfsdóttir, Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, Eyjólfur Einar Elíasson og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.
- Drög á nýjum reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu. Helga Jóna Benediktsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.
- Rannsókn Háskóla Íslands, Hagir og líðan eldri borgara - niðurstöður sem varða Reykjavík.
- Drög að aðgerðaráætlun ofbeldisvarnarnefndar gegn ofbeldi. Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir.
- Verkefnið Aldursvænar borgir - Staða mála. Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.
- Þróun aldurssamsetningar og uppbygging hjúkrunarrýma. Berglind Magnúsdóttir
- Staða hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu. Berglind Magnúsdóttir og Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen
- Bæklingur um aldraða og heimilisofbeldi á íslensku - ensku og íslensku - pólsku.
- Málefni aldraðra í aðgerðaráætlun í mannréttinda-, og lýðræðismálum 2019 til og með 2022.
- Þjónusta við eldri borgara - velferðarsvið. Berglind Magnúsdóttir og Agnes S. Andrésdóttir
- Skýrsla heilbrigðisráðuneytis um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Berglind Magnúsdóttir
- Drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021 – 2030. Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir.

- Húsnæði fyrir eldri borgara - tölulegar upplýsingar frá velferðarsviði. Berglind Magnúsdóttir.
- Alzheimer samtökin – heilabilun og úrræði vegna ofbeldi. Sigurbjörg Hannesdóttir.

2022

- Skýrsla starfshóps heilbrigðisráðuneytis um Heilsueflingu aldraðra, ásamt aðgerðaráætlun um heilsueflingu aldraðra. Sigríður Jakobínudóttir.
- Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030. Harpa Þorsteinsdóttir.
- Reglur um akstursþjónustu aldraðra. Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.
- SELMA öldrunarteymi Reykjavíkurborgar. Margrét Guðnadóttir.
- Þjónustukönnun í þjónustuíbúðum, dagdvöl og heimaþjónustu. Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.
- Innleiðing á reglum um stuðningsþjónustu Reykjavíkurborgar. Guðbjörg Theresia Einarsdóttir og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir.

Framtíðarsýn öldungaráðs

Skipan og launakjör öldungaráðs:

- Launakjör fulltrúa öldungaráð verði til samræmis við önnur ráð s.s. íbúaráð.
- Skoða þarf skipan öldungaráðs út frá fjölda fulltrúa hagsmunasamtaka. Eins að skoða hvort skipa þurfi fulltrúa eldri innflytjenda.

Hvað hefur gengið vel í starfinu:

- Tengsl inn í stjórnsýsluna.
- Umsagnir um alla stefnumótun innan borgarinnar.

Hvað má bæta:

- Halda fleiri sameiginlega fundi með öðrum ráðum og nefndum og tryggja aðkomu eldri borgara að bakhópum íbúaráða.
- Skýra betur samráðsferil í málum sem tengjast málefnum aldraðra áður en ákvarðanir eru teknar. Tengist aðgerð nr. 2 í aðgerðaráætlun lýðræðistefnu Reykjavíkurborgar.
- Auka yfirsýn ráðsins yfir stöðu aldraðra t.d. hvað varðar félagsmiðstöðvar og hjúkrunarheimili.

- Umsagnir um starfsleyfisumsóknir Gæða- og eftirlitsstofnunnar. Öldungaráð hefur ekki forsendur til að meta umsóknirnar. Hér vantar leiðbeiningar frá ráðuneyti, þær eru í vinnslu.
- Umsagnir um umsóknir úr framkvæmdarsjóð aldraðra. Öldungaráð hefur ekki skýrar forsendur til að meta umsóknirnar.

Mögulegar áherslur í starfi öldungaráðs til framtíðar:

- Að öldungaráð taki til umfjöllunar húsnæðismál aldraðra og val til búsetu.
- Að öldungaráð taki til umfjöllunar hvernig auka megi geðheilbrigðisþjónusta fyrir eldri borgara.
- Að öldungaráð stuðli að markvissri og viðvarandi virkni og heilsueflingu eldri borgara.
- Að taka til umræðu val eldri borgarar til fjölbreyttrar fæðu út frá næringu og fjölbreytni aukin þannig að tekið verði tillit til allra s.s. vegna ofnæmis eða þeirra er kjósa grænmetisfæði.